



FRÉTTABRÉF SEPTEMBER 2008

Félag dönskukennara



FDK 40 ára!



Á þessu ári eru þau tímamót í sögu félagsins, að 40 ár eru síðan að það var stofnað. Hefur stjórn félagsins því ákveðið að efna til ýmissa atburða, til að minnst afmælisins.

Ný heimasíða.

Undanfarna mánuði hefur verið unnið að því að endurhanna og gera heimasíðu félagsins, þannig að hún verði aðgengilegri og hentugri fyrir þá sem munu sjá um hana, sem og þá sem sækja hana heim. Er það sérstaklega ánægjulegt að þessum áfanga sé náð, þegar að við höldum upp á 40 ára afmælið. Er það von okkar að heimasíðan muni nú þjóna sínum tilgangi betur en áður, og eru félagsmenn beðnir um að láta stjórnarmeðlimi vita, ef eitthvað rekur á fjörur, sem erindi á heimasíðuna. Nýtt á heimasíðunni er spjallborð og vonum við svo sannarlega að það verði virkt og að við sem að þessu höfum staðið, fáum strax að vita hvað ykkur finnst.

Evrópski tungumáladagurinn.

Föstudaginn 26. sept. verður að venju haldinn hátíðlegur “Evrópski tungumáladagurinn” og hefur STÍL, ásamt Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, haft forgöngu að myndarlegri dagskrá sem fram fer í HT 101 á neðstu hæð Háskólatorgsins.

Dagskrá

- 14:30 – 14:40 Setning hátíðarinnar
- 14:40 – 15:20 Sören Fauth: *Ándens og sprogets deroute i et ensrettet Europa*
- 15:20 – 15:35 Í kringum jörðina, alla vega Evrópu - Davíð Ólafsson og Stefán Helgi Stefánsson flytja lög í léttum dúr á ýmsum tungumálum
- 15:35 – 15:50 Hannes Högni, lektor við Háskólann í Reykjavík: *Notkun sýndarveruleika í tungumálakennslu*
- 15:50 – 16:00 Birna Arnbjörnsdóttir, dósent í rannsóknum og kennslufræði erlendra tungumála:
English game – þorpsbúar í Rauðupakabæ leiða yngstu nemendurna í gegnum skemmtilegar þrautir
- 16:00 – 16:10 Eyjólfur M. Sigurðsson, forstöðumaður Tungumálamiðstöðvar HÍ:
Tungumálamiðstöðin í Graz – möguleikar í boði fyrir kennara allra skólastiga
- 16:10 – 16:25 Kaffi
- 16:25 – 16:40 Menntaskólinn á Akureyri: *Nýjar leiðir í tungumálanámi - upphaf verkefnisins, hvernig hefur það þróast og hverju hefur það skilað?*
- 16:40 – 17:20 *Pallborðsumræður*: Ýmsir þekktir aðilar úr atvinnulífinu ræða um gildi tungumálakunnáttu og skýra frá eigin reynslu
- 17:20 - Léttar veitingar

Afmælisfundur - seminar.

Í tilefni 40 ára afmælis félagsins hefur stjórnin ákveðið að halda seminar, þar sem valdir aðilar munu flytja erindi.


Einnig vill Danska sendiráðið heiðra starfsemi félagsins í tilefni afmælisins, en þar sem að dagskráin er ennþá í vinnslu, flytjum við nánari fréttir af hátíðarhöldunum í fréttabréfi október mánaðar.

Sumarnámskeið 2008

Sumarnámskeið framhaldsskólakennara var að þessu sinni haldið dagana 18. til 28. júní sl. Yfirskrift námskeiðsins var *Læring og litteratur – kunst og kultur* og voru skipuleggjendur þær Jette Dige Pedersen, Borgarholtsskóla og Ingibjörg S. Helgadóttir, Verzlunarskóla Íslands. Námskeiðið fór annars vegar fram í Álaborg og hins vegar á Schæffergården í Gentofte. Í Álaborg var sögusvið bókarinnar og kvikmyndarinnar Nordkraft skoðað með Anker Gemzöe sem fyrirlesara og leiðsögumann. Farið var í heimsókn í Álborg Universitet og Nordjyllands Erhvervsakademi þar sem þátttakendur fengu kynningu á námsleiðum og stöðu íslenskra námsmanna við skólann m.a. með tilliti til dönskukunnáttu. Loks var Nordjyllands Kunstmuseum heimsótt þar sem fólk fékk kynningu á ýmsum sögufrægum listaverkum.

Seinni hluti námskeiðsins var haldinn á Schæffergården eins og venja hefur verið mörg undanfarin ár. Þangað kom Knud Illiris prófessor frá Danmarks Pædagogiske Universitet og flutti fyrirlestur um mismunandi kennsluaðferðir og um það hvað geti valdið því að nám eigi sér ekki stað þegar til þess er ætlast. Birgitte Simonsen frá Center for Ungdomsforskning var með Illiris og sagði þá frá nýlegum rannsóknum á námi og atferli ungmenna. Um breytingar á máli ungs fólks í Danmörku fræddi Marie Maegård kennara um og síðasti danski fyrirlesarinn var rithöfundurinn Jesper Wung-Sung. Hann fjallaði um ritverk sín og hvaðan hann sótti efni í þau. Dönskukennarinn Ósa Knútsdóttir sem rak smiðshöggið í fyrirlestraröðinni en hún sagði frá MA-ritgerðinni sinni sem fjallar um þjálfun á munnlegri færni í dönsku. Ekki má gleyma Guðlaugi Arasyni og hans ógleymanlegu ferð um stræti Kaupmannahafnar þar sem fléttað var saman danskri sögu og sögu Íslendinga í Kaupmannahöfn hér á árum áður.

Að sjálfsögðu var ýmislegt annað gert en að hlusta á fyrirlestra svo sem sungið við Sankt Hans Bål í Gentofte, farið á revýuna á Bakken, nokkrir brugðu sér til Skagen og aðrir skemmtu sér ýmist við að horfa á stúdentana koma akandi á skreyttum flutningabílum til Kongens Nytorv með tilheyrandi fagnaðarlátum eða við dýrindis innkaup í dönsk-íslenskum verslunum. Síðasta dag námskeiðsins var loks varið í samvinnuverkefni þátttakendanna, þar sem þeir nýttu sér fyrirlestra og upplifanir í gerð kennsluefnis með ákveðna íslenska nemendamarkhópa í huga. Vonandi mun afraksturinn nýttast í dönskukennslunni nú í vetur eða einhvern tímann síðar.



Og jólahlaðborðið á sínum stað..... !

Hið árlega jólahlaðborð verður, eins og endranær, í Kornhlöðunni 29. nóvember, og hefst gamanið kl. 12.00. Dagskráin verður með hefðbundnu sniði og verður hún auglýst nánar síðar.

Af Nordsprák samstarfinu.

5.-8. febrúar 2009 verður námskeið á Schæffergården í Kaupmannahöfn og er heiti námskeiðsins "Dansk som fremmedsprog i Vestnorden". Það þarf víst ekki að orðlengja það, að þetta námskeið höfðar sérstaklega til félagsmanna FDK, enda sér sniðið fyrir dönskukennara á Íslandi, Færeyjum og Grænlandi. Meðal fyrirlesara verða Lis Madsen frá Danmörku, Solveig Debess frá Færeyjum, Birthe Nielsen frá Grænlandi og frá Íslandi þær Hafdís Ingvarsdóttir og Erna Jessen. Námskeiðið hefst síðdegis fimmtudaginn 5.febrúar og lýkur f.h. á sunnudeginum 8.feb. Þáttökugjaldið er Dkr. 2000,- og eins og endranær er allt innifalið; þmt. leikhúsferð.

Skráning á námskeiðið er hjá Auði í síma 4456794, 6595517 eða á audur@kvenno.is

Dagana 12.-15. sept.sl. sóttu fulltrúar FDK árlegan vinnu- og skipulagsfund samtakanna sem að þessu sinni var haldinn í Uppsala í Svíþjóð. Á þessum fundum eru lögð drög að námskeiðahaldi komandi árs og verður sumarnámskeiðið 2009 haldið í Norður Noregi, nánar til tekið við Helgelandskysten dagana 3.-7. ágúst. Rétt er að benda fólki á að hafa tímann fyrir sér þegar að sótt er um styrki. Auk KÍ er möguleiki á að sækjafyrirfram um "Lingua" styrk á vegum Erasmus, en vegna staðsetningarinnar, verður ferðakostnaðurinn að líkindum í hærri kantinum. Mun tengiliður námskeiðsins á Íslandi kanna ferðamátann nánar þegar nær dregur, en það er þó þannig að hver sér um að koma sér á leiðarenda.

Þessi fundur í Uppsala var sérstakur að því leiti, að hann var sá síðasti sem Hanne Rockholz stýrði, en hún hefur í 19 ár borið hitann og þungann af starfi Nordsprák. Við starfi Hanne tekur hin danska Lis Madsen, en hún starfaði með samtökunum um árabil, en kemur nú aftur sem stjórnandi. Okkar Nordsprák fulltrúi til margra ára, Hafdís Bára Kristmundsdóttir lét einnig af setu í Nordsprák, en sl. 3 ár hefur Hafdís setið í stjórn samtakanna. Eru Hafdís færðar einlæggar þakkir fyrir óeigingjarnt starf í þágu FDK og Nordsprák. Af Hafdísí Báru tekur nú Ingibjörg S. Helgadóttir við sem annar tveggja fulltrúa félagsins.

FRÉTTABRÉF september 2008

Ábyrgðarmaður: Auður Leifsdóttir
Hverafold 39, 112 Reykjavík
Pósthólf 8112, 128 Reykjavík
Netfang: fdk@fdk.is

